

# Skýrsla starfshóps um skráningu sóknarbarna

## Inngangur og samhengi

Á kirkjuþingi 2022-2023, í 11. máli, var samþykkt tillaga sem ber heitið: „tillaga til þingsályktunar um skráningu sóknarbarna“ þar sem lagt var til að skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að kanna hvernig best væri að halda utan um skráningu sóknarbarna í þjóðkirkjuna og að sú nefnd yrði prestum og öðru starfsfólki þjóðkirkjunnar til ráðgjafar í þeim efnum. Í tillögunni var vísað í skýrslu, frá árinu 2015, sem starfshópur á vegum kirkjupings hafði gert sem hafði þann tilgang að koma með tillögur um hvernig stuðla mætti að nýliðun innan þjóðkirkjunnar. Þessi skýrsla bar nafnið: „Nýliðun innan þjóðkirkjunnar“.

Tillögur starfshópsins fól í sér þrjú meginstef en þau eru:

1. Aukið fjármagn og aukin áhersla á fræðslu og fjölmiðlun,
2. notkun félagatals þjóðkirkjunnar í sóknarnefndum og stuðningur við starfsfólk og
3. efling æskulýðsfélaga og áhugamanna sem þátttakenda í umræðunni.

Tillagan í 11.máli felur í sér áherslu á annan lið þessara tillagna en í greinargerð sem fylgir tillögunni segir: „Tillagan sem hér er flutt fjallar fyrst og fremt um skráningu í þjóðkirkjuna. Í mörgum tilfellum er skráningu ábótavant og koma þarf þeim málum í sem best horf. [...] Einnig þarf að huga að félagatali þjóðkirkjunnar“.

Á kirkjuþingi 2023-2024, í 19. máli var lögð fram tillaga sem ber heitið: „tillaga til þingsályktunar að bættu aðgengi að sóknartali og félagatali og möguleika á tölvukerfi sem heldur utan um félagatal sókna“ þar sem lagt er til að skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að vinna að bættu aðgengi sóknarnefnda og presta að sóknartali og félagatali sóknanna. Starfshópurinn myndi kanna möguleika og mögulegan kostnað við kerfi sem heldur utan um skráningar. Í nefndaráliti frá Allsherjarnefnd var lagt til að vísa málinu til starfshóps um skráningu sóknarbarna, sem fjallað var um hér að ofan, sem var samþykkt.

Eftirtaldir kirkjupingsfulltrúar voru kosnir í starfshópinn á kirkjuþingi 25.október 2022:

Sr. Axel Árnason Njarðvík

Sr. Guðni Már Harðarson

Margrét Eggertsdóttir

Endurskoða þurfti skipan starfshópsins eftir að 19.mál 2023/2024 varð vísað til starfshópsins þar sem hugmyndir voru um að skoða þyrfti möguleikann á að þjóðkirkjan myndi nýta sér „Kapeláninn“, tölvukerfi í eigu sr. Axels Árnassonar Njarðvík og vegna

hugsanlegs vanhæfis hans, í því máli, var sr. Benjamín Hrafn Böðvarsson kosinn inn starfshópurinn í hans stað.

## Tilgangur og markmið starfshópsins

Eftir haustþing 2023 hefur starfshópurinn fundað þrisvar. Fyrsti fundurinn var haldinn 13. febrúar. Öll nefndin hefur settið alla fundi en Hermann Björn Erlingsson, sviðsstjóri upplýsingasviðs Þjóðkirkjunnar, er tengiliður þjónustumiðstöðvar kirkjunnar og situr fundi með starfshópnum.

Starfshópurinn skipti með sér verkum. Sr. Benjamín Hrafn Böðvarsson var kosinn formaður starfshópsins og Margrét Eggertsdóttir var kosinn ritari.

Tilgangur og markmið starfshópsins er í eðli sínu tvíþættur. Það er annars vegar að kanna hvernig hægt sé að stuðla að aukinni skráningu í þjóðkirkjuna með því að einfalda hið rafræna ferli og hins vegar að kanna hvaða möguleikar eru í boði, fyrir starfsfólk kirkjunnar, að halda utan um skráningar og geta tekið upplýsingar úr félagatali kirkjunnar.

## Hvaða möguleikar eru í boði?

Fyrsta verkefni starfshópsins var að skoða núverandi kerfi. Kannað var hvaða möguleikar væru í boði með núverandi kerfi og hvort raunveruleg þörf væri fyrir annað kerfi. Þjóðkirkjan hefur nú þegar félagatal frá Þjóðskrá sem er uppfært einu sinni á ári, þann 1. desember.

Ekki er hægt að taka neina lista út úr því kerfi en allt slíkt þarf að skoðast með tilliti til persónuverndarlaga. Kanna þarf hvaða möguleika þjóðkirkjan hefur til að taka út lista sem væru þá með alla einstaklinga í sókninni en ekki eingöngu þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna. Þjóðskrá er með samning við sjö fyrirtæki sem kallast úrtaksaðilar og hafa heimild til að taka úrtök úr þjóðskrá sem háð eru persónuverndarlögum og bannmerkingu þjóðskrár. Þjóðkirkjan hefur ekki slíka heimild. Sr. Axel Árnason Njarðvík er rekstraraðili með forritinu Kapellán sem heldur m.a. utan um þjóðskrár upplýsingar og úrtök úr skránni. Sóknirnar geta keypt aðgang að forritinu hafi þau bolmagn til þess. Starfshópurinn hyggst eiga samtal við sr. Axel fyrir haustþingið 2024 varðandi að skoða möguleika sem kirkjan geti nýtt sér við notkun á Kapelláninum. Á forsíðu kirkjan.is er aðgengileg [vefsjá](#) þar sem hægt er að skoða landfræðilega, sóknarmörk, prestaköll og prófastdæmi.

Starfshópurinn tók saman stutta þarfagreiningu sem hægt væri að leggja fyrir fulltrúa þjóðskrár varðandi möguleika á núverandi kerfi en hún var eftirfarandi:

- 1) Getur Þjóðkirkjan orðið vinnsluáðili að þjóðskrá og hvað myndi það kosta?

- 2) Er hægt að gera aðgengilegt forrit þar sem hægt er að slá inn kennitölu og sjá hvort viðkomandi er í þjóðkirkjunni?
- 3) Má taka lista út úr félagatalinu til að skýra tölfræðina?
- 4) Hvaða upplýsingar heimilar persónuvernd að við tökum út úr þjóðskrá?
- 5) Getum við útbúið einfalda leið til að fólk geti skráð sig beint í þjóðkirkjuna?

Hermann Björn var fenginn í að kanna málið og á öðrum fundi starfshópsins sem haldinn var 27. Febrúar og lágu niðurstöðurnar fyrir.

- 1) Þjóðkirkjan getur ekki orðið vinnsluaðili þar sem það er utan hennar verksviðs.
- 2) Prestar hafa aðgang að félagatali þjóðkirkjunnar og geta flett upp hvort viðkomandi sé í þjóðkirkjunni eða ekki og auðveldlega væri hægt að setja inn uppflettiglugga á þjónustuvef sé þess óskað þar sem hægt væri að slá inn kennitölu til að kanna með félagsaðild.
- 3) Hægt er að taka út tölfræði sem er ekki persónugreinanleg og er aðgengileg á þjónustuvefnum. Þá tölfræði má uppfæra og setja upp miðað við þörf.
- 4) Félagatal þjóðkirkjunnar hefur að geyma persónuupplýsingar og því þarf vinnsla og meðferð upplýsinganna að samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.  
Vinnsla persónuupplýsinga þarf að byggja á heimild sem getur verið t.d. samþykki eða samningur. Gerð er krafa að heimildin sé mjög skýr. (Nánar má lesa um niðurstöður þessa liðs í fundargerð starfshópsins).
- 5) Búið er að setja upp styttri leið til þess að skrá sig eða barn sitt í þjóðkirkjuna á forsíðu kirkjunnar ([www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is)). Kannað verður hvort hægt verði að setja upp sömu virkni á þjónustuvef kirkjunnar t.d. við skráningu skírnarathafnar.

Starfshópurinn ræddi einnig önnur kerfi sem notast er við í sóknum landsins. Þar má nefna Skrá, sem er rafrænt skráningarkerfi sem er einfalt og aðgengilegt í notkun. Það er t.d. notað þegar skrá á hópa í fermingarfræðslu, æskulýðsstarf eða barnakóra svo dæmi séu tekin og forritið óskar þess að foreldrar eða forráðamenn samþykki notkun persónuupplýsinga.

## Niðurstöður

Eftir að hafa kynnt sér núverandi kerfi telur starfshópurinn ekki ástæðu til þess að leitast eftir að kaupa annað kerfi, eins og stendur, heldur er hópurinn sammála um að með núverandi kerfi og kynningu á möguleikum þess felast sóknartækifæri sem starfsfólki kirkjunnar geti nýtt sér betur til þess að stuðla að aukinni skráningu í þjóðkirkjuna. Núverandi kerfi býður einnig upp á möguleika sem gerir prestum og öðru starfsfólki kirkjunnar kleift að vinna með upplýsingar sem geti nýst þeim í því markmiði að auka gæði þjónustunnar og stuðla að aukinni nýliðun í kirkjunni.

Starfshópurinn er hins vegar sammála um að það þurfi að auka meðvitund presta, starfsfólks kirkjunnar og sóknarnefnda um þær leiðir sem séu færar með núverandi kerfi og því þurfi að stuðla að kynningu og fræðslu um þessi mál.

Starfshópurinn mun því starfa áfram til þess að kanna nánar þá möguleika sem eru til staðar í núverandi kerfi en einnig hvort fýsilegt sé að gera samning við vinnsluaðila og þannig spara sóknum landsins peninga. Starfshópurinn mun kanna nánar hvaða upplýsingar sé mögulegt að fá út úr félagatalinu og skoða hvað má og hvað má ekki með tilliti til persónuverndarlaga. Starfshópurinn telur að það sé hægt að hefja kynningu og fræðslu á núverandi kerfi svo prestar, starfsfólk og sóknarnefndir geti öðlast ríkari þekkingu á stöðu sinna sókna og hafið það sameiginlega átak að auka skráningar í þjóðkirkjuna. Sóknarfærin eru mörg.